

Alþingi
Erindi nr. P 131/868
komudagur 25. 2. 2005



Til sjávarútvegsnefndar Alþingis


23. febrúar 2005

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS).
Frumvarp til laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.
Mál nr. 387.

Vakin er athygli á að milli árunna 2002 og 2003 á sér stað mikill viðsnúningur í rekstri sjóðsins. Eigið fé hækkar um 800 milljónir. Gera má ráð fyrir að svipuð þróun hafi átt sér stað á síðasta ári eða þar til greiðslu var hætt 1. september sl. LS telur rétt að frumvarpinu fylgi nákvæmari greinargerð þar sem upplýst er staða sjóðsins í dag en ekki byggt stöðu eins og hún var fyrir rúmu ári. LS álitur að hér sé um verulegar fjárhæðir að ræða því nauðsynlegt að vanda betur til verka.

LS er sammála því að leggja sjóðinn af 1. júlí 2005 en treystir sér ekki til að segja til um hvernig eigið fé hans verður varið fyrr en fyrir liggur hver sú upphæð er.

Virðingarfyllst,


Örn Pálsson framkvæmdastjóri